III grein

Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll aðildarríkin hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að viðbótarsamningurinn hafi verið staðfestur. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag sem viðbótarsamningurinn tekur gildi.

Eftir að viðbótarsamningurinn hefur tekið gildi, skal ákvæðum hans beitt um mál, sem borist hafa eftir gildistökuna til bærs stjórnvalds í því ríki, sem beiðni er beint til.

IV grein

Frumrit viðbótarsamnings þessa skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðildarríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullgilt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Helsinki hinn 18. febrúar 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

21. september 1987 Nr. 19

AUGLÝSING

um samkomulag við Bandaríkin um hvalamálefni.

Með orðsendingaskiptum í Washington 14. og 15. september 1987 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna um hvalamálefni. Samkomulagið öðlaðist gildi 15. september 1987.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. september 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

a. Bréf setts viðskiptaráðherra Bandaríkjanna

Washington, 14. september 1987

Hr. Hörður H. Bjarnason
settur forstöðumaður sendiráðs Íslands
2022 Connecticut Avenue, N.W.
Washington, D.C. 20008.

Hr. Bjarnason,

Ég rita yður vegna nýafstaðinna funda milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkjanna vegna hugsanlegrar staðfestingarkæru gegn Íslandi samkvæmt Pelly viðaukalögunum við lög um verndun fiskimanna.

a. Letter from Acting Secretary of Commerce

Washington, September 14, 1987

Mr. Hordur H. Bjarnason
Charge d'Affaires ad interim
of Iceland
Embassy of Iceland
2022 Connecticut Avenue, N.W.
Washington, D.C. 20008

Dear Mr. Bjarnason:

I am writing to you regarding the recent meetings between representatives of the Government of Iceland and the Government of the United States concerning possible certification of Iceland under the Pelly Amendment to the Fishermen's Protective Act.

6. gr. Alþjóðasáttmálans um skipan hvalveiða gerir ráð fyrir að Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) geti samþykkt tilmæli til aðildarríkja um hvaðeina er viðkemur hvölum og hvalveiðum og um markmið og tilgang sáttmálans. Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti á ársfundi sínum 1987 ályktun samkvæmt 6. gr. varðandi rannsóknaáætlun ríkisstjórnar Íslands í vísindaskyni. Vegna þess sjónarmiðs Alþjóðahvalveiðiráðsins að rannsóknaáætlun Íslands uppfylli ekki nægjanlega þær kröfur sem fram koma í ályktun ráðsins frá 1986 um sérstakar heimildir til vísindarannsókna, hefur ráðið lagt til að Ísland stöðvi hvalveiðar í vísindaskyni „þar til vafaatriðin í rannsóknaáætlun Íslands, sem fram koma í skýrslu vísindanefndarinnar (IWC/39/4), hafa verið leyst á þann hátt sem uppfyllir kröfur vísindanefndarinnar" (IWC/39/41).

Samkvæmt 1. tl. samkomulagsins, sem fram kemur í „Frásögn af fundi" og fylgir þessu bréfi, hefur Ísland fallist á að leggja rannsóknaáætlun sína fyrir árið 1988 til umsagnar vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins og framfylgja vísindalegum tilmælum nefndarinnar. Með þessari samþykkt er það skilningur minn að Ísland hafi fallist á að hefja ekki vísindaveiðar árið 1988 fyrr en Ísland hefur á þann hátt sem vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins getur sætt sig við: (1) Leyst þau vafaatriði sem fram koma í skýrslu vísindanefndarinnar, IWC/39/4; eða (2) orðið við tilmælum sem nefndin kann að gera um endurskoðun áætlunar sem Ísland legði í millitíðinni fram.

Samkvæmt 2. tl. samkomulagsins sem fram kemur í „Frásögn af fundi" fellst viðskiptaráðherra á að leggja ekki fram staðfestingarkæru gegn Íslandi vegna hinna 80 langreyða, og að því tilskildu að Ísland hafi áður fallist á samkomulagið, svo sem fram kemur í þessu bréfi, þá mun viðskiptaráðherra ekki leggja fram staðfestingarkæru vegna veiða á einhverjum hluta eða öllum sandreyðunum 20 árið 1987. Þegar viðskiptaráðherra ákveður að þegnar erlends ríkis stundi veiðar sem draga úr áhrifum alþjóðlegra verndunarákvæða, þá ber ráðherra samkvæmt Pelly viðaukalögunum að leggja staðfestingarkæru fyrir forseta.

Eftir viðræður við aðalfulltrúa Bandaríkjanna í Alþjóðahvalveiðiráðinu hef ég ákveðið vegna skuldbindingar Íslands fyrir árið 1988 að veiðar Íslendinga í vísindaskyni á 80 langreyðum og 20 sandreyðum árið 1987 dragi ekki úr áhrifum Alþjóðasáttmálans um skipan hvalveiða né verndunarákvæða hans.

Article VI of the International Convention for the Regulation of Whaling provides that the International Whaling Commission (IWC) may make recommendations to its member nations on any matter relating to whales or whaling and to the objectives and purposes of the Convention. Pursuant to Article VI, the IWC, at its 1987 annual meeting, adopted a resolution regarding the Government of Iceland's research whaling program. Adopting the view that Iceland's program does not fully satisfy the criteria set forth in the IWC's 1986 Resolution on Special Permits for Scientific Research, the IWC recommended that Iceland suspend research whaling "until the uncertainties (in its program) identified in the Scientific Committee Report (IWC/39/4) have been resolved to the satisfaction of the Scientific Committee" (IWC/39/41).

Under paragraph 1 of the arrangement set forth in the "Summary Discussions," enclosed with this letter, Iceland has undertaken for 1988 to submit its research program for review by the IWC Scientific Committee and to carry out the scientific recommendations of that Committee. By this undertaking I understand Iceland to have agreed not to resume research whaling in 1988 until it has, to the satisfaction of the IWC Scientific Committee: (1) resolved the uncertainties in its current program identified in Scientific Committee Report IWC/39/4; or (2) responded to recommendations the Committee may make regarding a revised program submitted by Iceland in the interim.

Under paragraph 2 of the arrangement set forth in the "Summary of Discussions," the Secretary of Commerce undertakes not to certify Iceland for the 80 fin whales, and provided that Iceland has previously agreed to the understanding, as set forth in this letter, the Secretary of Commerce will not certify for the taking of any or all of the 20 sei whales in 1987. When the Secretary of Commerce determines that nationals of the foreign country are conducting fishing operations which diminish the effectiveness of an international fishery conservation program, the Pelly Amendment requires the Secretary to certify that fact to the President.

After consulting with the United States Commissioner to the IWC, I have determined that the taking of 80 fin whales and 20 sei whales in 1987 by Icelandic nationals for scientific purposes would not, in light of the undertaking made by Iceland for 1988, diminish the effectiveness of the International Convention for the Regulation of Whaling or its conservation program.

Ákvörðun mín byggist m.a. á eftirtöldum þáttum: Ísland hefur fallist á að fara eftir tilmælum vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins áður en vísindaveiðar hefjast árið 1988, á þann hátt sem nefndin sættir sig við. Áætlun Íslendinga um hvalveiðar í vísindaskyni hefur verið framkvæmd óslitið frá 1986. Veiðar Íslendinga á langreyð voru þegar hafnar árið 1987 þegar Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti ályktun þá sem beindist gegn Íslandi. Vísindaáætlun Íslendinga, árið 1987, gerði ráð fyrir veiðum á 200 hvölum — 80 langreyðum, 40 sandreyðum og 80 hrefnum. Íslendingar hafa samþykkt að veiða aðeins 100 hvali í ár — 80 langreyðar og 20 sandreyðar.

Samkvæmt 3. tl. samkomulagsins fallast Bandaríkin á að vinna með Íslandi og öðrum aðalfulltrúum Alþjóðahvalveiðiráðsins að endurskoðun á og tillögugerð um tilhögun vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins við athugun á rannsóknaleyfum, í því skyni að auka traust á framkvæmd og vísindalegu gildi þessarar málsmeðferðar. Þó svo að við höfum mikinn áhuga á væntanlegu samstarfi við Íslendinga á þessu sviði verður það að vera ljóst að skuldbinding Íslands skv. 1. tl. þessa samkomulags er ekki á nokkurn hátt háð árangri af viðleitni til að framkvæma 3. tölulið.

Ég vonast eftir bréfi frá yður sem staðfestir að ríkisstjórn Íslands geri sér ljósan þann skilning á „Frásögn af fundi" dags. 14. september 1987 sem fram kemur í þessu bréfi. Þetta samkomulag ríkisstjórna okkar öðlast gildi um leið og svar yðar þar að lútandi berst.

Virðingarfyllst,
Bruce Smart
settur viðskiptaráðherra

My determination is based, *inter alia,* on the following factors: Iceland has agreed to comply, to the satisfaction of the IWC Scientific Committee, with the recommendations of the Committee before resuming research whaling in 1988. Iceland's research whaling program is an ongoing program, having commenced in 1986. Iceland had already begun taking fin whales in 1987 by the time the IWC adopted the resolution directed to Iceland. Iceland's research whaling program for 1987 had called for 200 whales — 80 fin, 40 sei and 80 minke; Iceland has agreed to take only 100 whales this year — 80 fin and 20 sei.

Under paragraph 3 of the arrangement, the United States undertakes to work with Iceland and other IWC Commissioners to review and make recommendations regarding the structure of the IWC Scientific Committee process for the review of research permits, so as to build confidence in that process and its scientific basis. Although we look forward to working with you in this regard, it must be understood that the undertaking by Iceland under paragraph 1 of the arrangement is not in any respect conditioned upon the outcome of the efforts to be undertaken to implement paragraph 3.

I look forward to your letter that will confirm the Government of Iceland's acknowledgment of the understanding set forth in this letter of the Summary of Discussions dated September 14, 1987. The agreement between our two Governments will become effective immediately upon the receipt of your response to that effect.

Sincerely,
Bruce Smart
Acting Secretary of Commerce

14. september 1987

Frásögn af fundi um hvalveiðar Íslendinga í vísindaskyni, 9. september 1987, í Ottawa, Kanada.

Dr. Anthony Calio
aðalfulltrúi Bandaríkjanna í
Alþjóðahvalveiðiráðinu

Hr. Ingvi Ingvarsson,
sendiherra Íslands í
Bandaríkjunum.

Síðasti fundur í fundaröð milli Íslands og Bandaríkjanna var haldinn í Ottawa í Kanada 9. september 1987, í því skyni að ákveða hvort hægt

September 14, 1987

Summary of discussions on Icelandic whaling for scientific purposes, September 9, 1987, Ottawa, Canada

Dr. Anthony Calio
United States Commissioner to the
International Whaling Commission

Ambassador Ingvi Ingvarsson
Ambassador of Iceland to the
United States of America

The latest in a series of meetings between Iceland and the United States were held in Ottawa, Canada, September 9, 1987, in an effort

væri fyrir bandaríska viðskiptaráðherrann, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir í báðum ríkjunum, að falla frá staðfestingarkæru vegna hvalveiða Íslendinga í vísindaskyni, veiði þeir hvali í samræmi við skilyrðin sem fram koma í þessu samkomulagi:

1. Árið 1988 og þaðan í frá mun ríkisstjórn Íslands leggja rannsóknaáætlun sína fyrir vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins til umsagnar og framfylgja vísindalegum tilmælum nefndarinnar.
2. Bandaríkin munu ekki leggja fram staðfestingarkæru gegn ríkisstjórn Íslands eða íslenskum ríkisborgurum vegna veiða á 80 langreyðum og 20 sandreyðum árið 1987, né vegna veiddra hvala árið 1988 og síðar í samræmi við vísindaáætlun Íslendinga, svo fremi ríkisstjórn Íslands fari eftir ákvæðum 1. liðar.
3. Bandaríkin munu vinna með Íslandi og öðrum aðalfulltrúum Alþjóðahvalveiðiráðsins að endurskoðun á og tillögugerð um tilhögun málsmeðferðar vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins við athugun á rannsóknaleyfum, í því skyni að auka traust á framkvæmd og vísindalegu gildi þessarar málsmeðferðar.

b. Svarbréf setts forstöðumanns sendiráðs Íslands

Washington, 15. september 1987

Settur viðskiptaráðherra
Bruce Smart
Washington, D.C.

Hr. viðskiptaráðherra,

Mér hefur borist bréf yðar dagsett 14. september 1987 og staðfesti ég að það setur fram túlkun Bandaríkjanna og skilning á þrí-liða samkomulaginu sem rætt var á fundi fulltrúa ríkisstjórna okkar í Ottawa 9. september 1987. Ríkisstjórn Íslands hyggst framkvæma þrí-liða samkomulagið gert í Ottawa, sem er svo hljóðandi:

1. Árið 1988 og þaðan í frá mun ríkisstjórn Íslands leggja rannsóknaáætlun sína fyrir vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins til umsagnar og framfylgja vísindalegum tilmælum nefndarinnar.
2. Bandaríkin munu ekki leggja fram staðfestingarkæru gegn ríkisstjórn Íslands eða íslenskum ríkisborgurum vegna veiða á 80 langreyðum og 20 sandreyðum árið 1987, né vegna veiddra

to determine whether it would be possible, in accordance with the laws and regulations in effect in each country, for the United States Secretary of Commerce to refrain from "certifying" whaling for scientific purposes by Icelandic nationals, if they take whales under the conditions reflected by the terms of this arrangement:

1. For 1988 and thereafter, the Government of Iceland would submit its research program for review by the IWC Scientific Committee and would carry out the scientific recommendations of that Committee.
2. The United States would not certify the Government or nationals of Iceland for the 80 fin whales and the 20 sei whales taken in 1987, nor for the whales taken in 1988 and thereafter in the Icelandic program of scientific research, so long as the Government of Iceland complies with the provisions of paragraph 1.
3. The United States will work with Iceland and other IWC Commissioners to review and make recommendations regarding the structure of the IWC Scientific Committee's process for the review of research permits, so as to build confidence in that process and its scientific basis.

b. Reply from the Chargé d'Affairs a.i. of the Embassy of Iceland

15 September 1987

The Honorable
Bruce Smart
Acting Secretary of Commerce
Washington, D.C.

Dear Mr. Secretary,

I am in receipt of your letter of September 14, 1987, and acknowledge that it sets forth the United States interpretation and understanding of the three-point agreement discussed by representatives of our respective Governments in Ottawa on September 9, 1987. The Government of Iceland intends to implement the three-point agreement from Ottawa, which reads as follows:

1. For 1988 and thereafter, the Government of Iceland would submit its research program for review by the IWC Scientific Committee and would carry out the scientific recommendations of that Committee.
2. The United States would not certify the Government or nationals of Iceland for the 80 fin whales and the 20 sei whales taken in 1987, nor for the whales taken in 1988 and

hvala árið 1988 og síðar í samræmi við vísindaáætlun Íslendinga, svo fremi ríkisstjórn Íslands fari eftir ákvæðum 1. liðar.

3. Bandaríkin munu vinna með Íslandi og öðrum aðalfulltrúum Alþjóðahvalveiðiráðsins að endurskoðun á og tillögugerð um tilhögun málsmeðferðar vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins við athugun á rannsóknaleyfum, í því skyni að auka traust á framkvæmd og vísindalegu gildi þessarar málsmeðferðar.

Ríkisstjórn Íslands er þeirrar skoðunar að ekki þurfi að túlka þrí-liða samkomulagið, þar sem tilgangur og efni þess er skýrt og auðskilið.

Þetta samkomulag milli ríkisstjórna okkar tekur gildi þegar í stað við afhendingu þessa svars.

Virðingarfyllst,
Hörður H. Bjarnason
settur forstöðumaður
sendiráðs Íslands

thereafter in the Icelandic program of scientific research, so long as the Government of Iceland complies with the provisions of paragraph 1.

3. The United States will work with Iceland and other IWC Commissioners to review and make recommendations regarding the structure of the IWC Scientific Committee's process for the review of research permits, so as to build confidence in that process and its scientific basis.

The Government of Iceland does not believe that it is necessary to offer interpretations of the three-point agreement, the intent and effect of which are clear on its face.

This agreement between our two Governments will become effective immediately upon the delivery of this response.

Sincerely,
Hordur H. Bjarnason
Chargé d'Affaires, a.i.
Embassy of Iceland

21. september 1987 Nr. 20

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um atvinnuleysisbætur.

Hinn 15. september 1987 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um atvinnuleysisbætur sem undirritaður var í Mariehamn 12. nóvember 1985.

Samningurinn öðlast gildi 1. desember 1987.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. september 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

NORÐURLANDASAMNINGUR
um atvinnuleysisbætur

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem er ljóst, að ákvæði Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981, um félagslegt öryggi, taka eftir því sem við á til atvinnuleysisbóta,

gera með hliðsjón af því með sér svofelldan samning um slíkar bætur: